

Sp. **523. Nefndarálit** **[80. mál]**
um till. til þál. um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Jafnframt fór nefndin í kynnisferð á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, þar sem skoðuð voru alkalískemmd hús í Reykjavík og hlýtt á fyrirlestra sérfræðinga stofnunarinnar um þetta mál. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu og verður breytingartillaga flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. mars 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir,
form.

Guðrún Helgadóttir.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
fundaskr.

Steinþór Gestsson.

Páll Pétursson.

Guðm. G. Þórarinnsson,
frsm.

Halldór Blöndal.